



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Alþingi  
b.t. atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2019  
Tilv.: 1904005

**Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins – frumvarp til laga um dýrasjúkdóma o.fl. (innflutningur búfjárafurða), 766. mál**

Atvinnuveganefnd Alþingis óskaði þann 4. apríl 2019 eftir umsögn Samkeppniseftirlitsins, vegna frumvarps til laga um dýrasjúkdóma o.fl. (innflutningur búfjárafurða), 766. mál.<sup>1</sup>

Samkeppniseftirlitið hefur áður veitt umsögn í málinu á fyrri stigum þess, en frumvarpið með greinargerð var birt á samráðsgátt Stjórnarráðsins 20. febrúar 2019.<sup>2</sup> Með bréfi þessu vill Samkeppniseftirlitið áréttta þau sjónarmið sem fram komu í umsögn eftirlitsins frá 5. mars 2019, og er meðfylgjandi.

Virðingarfyllst,  
Samkeppniseftirlitið



Guðmundur H. Guðmundsson

*Meðfylgjandi:*  
*Umsögn Samkeppniseftirlitsins frá 5. mars 2019*

<sup>1</sup> 149. löggjafarþing 2018-2019, þingskjal 1217 – 766. mál.

<sup>2</sup> Sjá hér tengil á yfirlitssíðu málsins á samráðsgáttinni: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1309](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1309).



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagata 4  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2019  
Tilv.: 1902015

**Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.**

**1.**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur birt drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um matvæli og lögum um dýrasjúkdóma. Í drögunum er kveðið á um afnám núverandi leyfisveitingakerfis vegna innflutnings á ákveðnum landbúnaðarafurðum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Felur frumvarpið það m.a. í sér að frá og með 1. september nk. verður leyft að flytja inn ófrosið kjöt, fersk egg, ógerilsneydda mjólk og mjólkurafurðir frá löndum Evrópska efnahagssvæðisins. Er ráðherra heimilt með reglugerð að fela Matvælastofnun að leyfa innflutning á þessum vörum og setja þau skilyrði sem nauðsynleg eru til að tryggja að búfé stafi ekki hætta af slíkum innflutningi. Samhliða frumvarpsdrögunum kynnti ráðuneytið aðgerðaáætlun í tólf liðum sem ætlað er að efla matvælaöryggi, tryggja vernd búfjárstofna og bæta samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu.

**2.**

Ástæða frumvarpsdraganna má rekja til þess að þann 11. október 2018 dæmdi Hæstiréttur Íslands íslenska ríkið fyrir brot gegn skuldbindingum sínum gagnvart EES-samningnum með því að viðhalda banni við innflutningi á hráu kjöti til landsins. Bannið fólst í því að óheimilt er að flytja inn kjöt til landsins sem ekki hefur verið fryst. Áður höfðu Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), og síðar einnig EFTA-dómstóllinn og Héraðsdómur Reykjavíkur, komist að sömu niðurstöðu, að núgildandi innflutningstakmarkanir á fersku kjöti frá öðrum EES-ríkjum væru andstæðar EES-samningnum.

**3.**

Samhliða frumvarpinu hefur ráðuneytið kynnt sérstaka aðgerðaráætlun í tólf liðum til að bregðast við áhrifum dóma EFTA-dómstólsins og Hæstaréttar Íslands vegna skilyrða fyrir innflutningi á tilteknum landbúnaðarafurðum sem og lagabreytinganna. Markmið aðgerðanna er að íslensk stjórnvöld standi við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist en á sama tíma sé öryggi matvæla og vernd búfjárstofna tryggð auk



Þess sem gripið er til aðgerða til að bæta samkeppnisstöðu innlendar matvælaframleiðslu.

Framangreind aðgerðaáætlun felst í því að bæta lýðheilsu og vernda búfjárfstofna, auka fræðslu til ferðamanna um innflutning afurða úr dýraríkinu og átak til að bæta samkeppnisstöðu innlendar matvælaframleiðslu. Til að bæta samkeppnisstöðu er lagt til að settur verður á fót matvælasjóður með áherslu á eflingu nýsköpunar í innlandri matvælaframleiðslu, starfshópur myndaður um gerð innkaupastefnu opinberra aðila á matvælum, unnið að matvælastefnu fyrir Ísland og átak verði gert um betri merkingar matvæla.

#### 4.

Í fyrri umsögnum um lagafrumvörp, skýrslum og álitum hefur Samkeppniseftirlitið ítrekað hvatt til þess að dregið verði úr innflutningshöftum landbúnaðarafurða í þeim tilgangi að auka samkeppni í innlendum landbúnaði og matvælaframleiðslu. Aukin samkeppni á þessu sviði er neytendum ótvírætt til hagsbóta, því hún er til þess fallin að lækka verð, auka fjölbreytni og bæta gæði.

Aukin samkeppni er líka til þess fallin að bæta hag bænda. Ástæðan er sú að virk samkeppni knýr aðila í greininni, bæði í frumframleiðslu og úrvinnslu, til að bæta rekstur sinn enn frekar og leita nýjunga í starfsemi sinni. Minna má á í þessu sambandi að samkeppni er drifkraftur nýsköpunar. Ef hvatar samkeppninnar eru ekki til staðar er mikil hættu á að fjármunir sem hið opinbera ráðstafar í nýsköpun geti farið í súginn. Jafnframt sýnir reynslan að aukin samkeppni er oft til þess fallin að auka eftirspurn eftir viðkomandi vörum. Það að opna fyrir virkari samkeppni á þessu sviði er þannig til þess fallið að viðhalda og styrkja fjölpætt hlutverk landbúnaðarins hér á landi.

Af framansögðu leiðir að bændur munu njóta ábata af aukinni samkeppni, sérstaklega til lengri tíma litið. Samkeppniseftirlitið dregur hins vegar ekki í efa að þörf sé á aðgerðum til þess að bæta stöðu bænda og gera þeim betur kleift að mæta aukinni samkeppni, einkum til skemmri tíma. Mikilvægt er að slíkar aðgerðir séu markaðsstyðjandi, en ekki markaðstruflandi. Tryggja þarf að hinar markaðsstyðjandi aðgerðir séu vel útfærðar og til þess fallnar að styðja og hvetja innlenda framleiðendur til sóknar og nýsköpunar.

Í þessu sambandi bendir Samkeppniseftirlitið á jákvæða þróun í íslenskri grænmetisrækt þegar stjórnvöld fóru að tilmælum samkeppnisyfirvalda og afnámu tolla á ákveðnum tegundum af grænmeti, í kjölfar þess að þau höfðu afhjúpað ólöglegt verðsamráð í framleiðslu og dreifingu á grænmeti á árinu 2001. Samhliða breytingu á tollum var stuðningi til grænmetisframleiðenda breytt með þeim hætti að hann færðist úr því að vera markaðstruflandi í það að styðja innlenda framleiðendur til þess að takast á við aukna samkeppni. Til langs tíma leiddu aðgerðirnar til þess að innlend grænmetisframleiðsla jókst, smásöluverð lækkaði og neysla jókst. Þessar breytingar bættu þannig bæði hag innlendra grænmetisframleiðenda og neytenda.

Með hliðsjón af framangreindu telur Samkeppniseftirlitið að þær breytingar sem boðaðar eru í frumvarpinu séu bæði óhjákvæmilegar og æskilegar, bæði fyrir neytendur og íslenskan landbúnað. Mikilvægt er jafnframt að sú aðgerðaáætlun sem stjórnvöld setja samhliða lagabreytingum frumvarpsins sé til þess fallin að styðja og hvetja innlenda



framleiðendur til sóknar og nýsköpunar samhlíða því að málefnalegar og nauðsynlegar sjúkdómavarnir séu tryggðar.

Virðingarfyllt,  
Samkeppniseftirlitið

Birgir Óli Einarsson